



Til bæjarráðs

Kópavogi, 27. september 2021
2007636/033.03 ABS

Efni: Svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa um kynhlutlausa búningsklefa í sundlaugum Kópavogs

Tillaga um kynhlutlausa búningsklefa í sundlaugum Kópavogs

Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og BF Viðreisnar leggja til að bæjarráð samþykki að bæta aðgengi að ókyngreindum búningsklefum í sundlaugum bæjarins.

Greinagerð

Kynhlutlausir klefar henta meðal annars transfólki og öðrum sem ekki falla inn í kynjatvíhyggjuna.

Mikil aukning er nú á fjölda trans barna og unglinga en sú þróun á sér stað um öll vesturlönd um þessar mundir og stafar af aukinni umræðu og auknum réttindum trans fólks í þessum löndum. Trans börn og ungmenni, eins og önnur börn og ungmenni, eru skólaskyld og meðal annars skyld til að taka þátt í sundkennslu. Það að ekki séu til klefar við hæfi fyrir hluta þessa hóps en að hann sé á sama tíma skyldaður til að taka þátt í sundi er því algjörlega óviðunandi.

Þar að auki þarf ekki að fjölyrða um þá heilsufarsbót sem sundiðkun er. Transfólk er í aukinni hættu á ýmsum heilsufarskvillum, svo sem þunglyndi og kvíða. Það að aðgengi þeirra að sundstöðum sé skert getur aukið enn á þennan vanda.

Við undirbúning umsagnar og tillagna vegna ofangreindrar fyrirspurnar fór deildarstjóri íþróttadeildar ásamt forstöðumönnum sundlauganna í Kópavogi í heimsókn í júní í tvær sundlaugar í Reykjavík, Vesturbæjarlaug og Breiðholtslaug, þar sem aðstæður fyrir transfólk hafa verið þekktar fyrir að vera góðar og nýbúið að endurbæta aðstöðuna. Í fylgiskjali eru myndir af aðstöðum í sundlaugunum í Kópavogi ásamt þessum tveimur sundlaugum til samanburðar. Í framhaldi af þeirri heimsókn fóru umhverfissvið og menntasvið yfir þau atriði sem unnt er að bæta í sundlaugunum í Kópavogi til að bæta aðstæður enn frekar. Tillögurnar sem fyrir fela í sér óverulegan kostnað sem ekki kallar á viðbótarfjárhæðir. Verði þær samþykktar verður farið í þær framkvæmdir strax og stefnt að því að ljúka aðgerðum um áramót.

Staðan í sundlaugum Kópavogs í dag

Sundlaugar Kópavogs bjóða gestum sínum upp á kynhlutlausa klefa, sem eru sérstaklega ætlaðir til að taka vel á móti trans fólki (fullorðnum sem börnum), og öðrum sem falla ekki inn í kynjatvíhyggjuna. Einnig eru klefarnir ætlaðir fólki með fötlun og aðstandendum þeirra sem og öðrum sem kjósa að vera í sérklefa, t.d. vegna heilsufarsvanda.




Salalaug:

Kynhlutlaus klefi fyrir sundlaugargesti í Salalaug er „sjúkrahverbergið“ í anddyri mannvirkisins, með beint aðgengi inn í klefann og beint aðgengi út að sundlaug.

Þar er sturta, snagar og bekkur. Herbergið rúmar í raun bara einn gest ásamt aðstoðarmanni ef um fatlaðan einstakling eða barn er að ræða.

Almenn ánægja hefur verið með þennan klefa í Salalauginni síðustu 5-6 árin.



Jafnframt stendur sundlaugargestum Salalaugar til
boða að nota séraðstöðu í baðklefum karla og

kvenna þar sem sturtuhengi skilur að almennt sturturými í hvorum klefa (karla og kvenna). Í þeim tilvikum afklæðast gestir á snyrtingum fyrir fatlaða og nýta skápa í almennum rýmum áður en til sturtuklefa er gengið.

Tillaga að bættu aðgengi að kynhlutlausum búningasklefum í Salalaug:


- auglýsa núverandi aðstöðu betur fyrir sundlaugargestum á heimasíðu og í anddyri sundlaugarbyggingarinnar og breyta merkingum klefa með myndum auk yfirheitisins 'einkaklefi'
- stýra aðgengi að klefanum og sýna með ljósabúnaði úr anddyri og frá laugarsvæði hvort klefinn er upptekinn eða laus.

Kópavogslaug:

Í Sundlaug Kópavogs eru tveir klefar sem kalla mætti kynhlutlausu klefa. Þeir eru tengdir sitt hvorum innibúningsklefum (karla og kvenna) á efri hæð byggingarinnar.

Allir sem þess þurfa geta nýtt sér þessa klefa, þar á meðal transfólk. Klefarnir eru einnig með góða aðstöðu fyrir hreyfihamlaða, m.a. sérstakan bekk til að auðvelda fólki með fötlun að skipta um föt og einnig þá gesti sem þurfa aðstoð ættingja eða aðstoðarmanns af gagnstæðu kyni.

Ekki er hægt að læsa þessum klefum í dag utan frá yfir í almenna búningsklefann en lókanlegar dyr skilja þó á milli, sem þarf að breyta þannig að unnt sé að læsa innan frá. Sér inngangur er í þessa klefa þannig að hægt er að fara til laugar án þess að fara í gegnum almennu búningsklefana.





Tillaga að bættu aðgengi að kynhlutlausum búningsklefum í Kópavogslaug:

- auglýsa núverandi aðstöðu betur fyrir sundlaugargestum á heimasíðu og í anddyri sundlaugarbyggingarinnar og breyta merkingum klefa með myndum auk yfirheitisins 'einkaklefi'
- stýra aðgengi að klefunum og sýna með ljósabúnaði úr anddyri og frá laugarsvæði hvort klefar eru uppteknir eða lausir.
- bæta við læsingarbúnaði á rennihurðir milli sérklefa og almennra búningsklefa karla og kvenna.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri

Virðingarfyllst,

Asthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri

